

var sátta leitað árangurslaust »milli málsparta«, eftir því sem segir í dómargerðunum, en þar sem þess er hvergi getið að sækjandi Karl Olgeirsson hafi sjálfur mætt við sáttaumleitunina fyrir réttinum, verður að skilja bókunina fyrir gestarétti þannig, að umgetinn málaflutningsmaður hafi mætt við sáttaumleitunina fyrir hönd sækjanda. Þar sem það er bannað í 25. gr. tilsk. 20. jan. 1797 um sættastiftanir, að senda málaflutningsmenn á sáttanefndarfundi, og þar sem þetta fyrirmæli eftir eðli sínu gildir einnig um sátta-tilraunir fyrir gestarétti, verður sáttatilaunin fyrir gestaréttinum að teljast ólögleg og ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm ex officio og vísa málinu frá undirréttinum. Þar sem stefndu hafa ekki mætt hér fyrir réttinum fellur málskostnaður fyrir yfirdómi niður.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera ómerkur, og visast málinu frá undirréttinum.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 10. apríl 1916.

Nr. 64/1915.

Jóhannes H. Jóhannsson

gegn

Þórarni Guðmundssyni.

## D ó m u r:

Mál þetta höfðaði áfrýjandi Jóhannes H. Jóhannsson, verkamaður á Seyðisfirði, fyrir aukarétti Seyðisfjarðarkaupstaðar, gegn hinum stefnda, kaupm. Þórarni Guðmundssyni samastaðar, út af vinnulaunum árið 1914, er hann taldi sig eiga hjá stefnda, og var málinu ráðið til lykta með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 28. júní f. á. á þá leið, að stefndi var algerlega sýknaður og málskostnaður látinn falla niður. Aukaréttardómi þessum hefir nefndur Jóhannes H. Jóhannsson skotið til yfirdómsins, með stefnu dags. 23. sept. f. á., og hefir hann krafist þess hér fyrir réttinum, að dóminum verði hrundið og breytt þannig, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum áminst vinnulaun, að upphæð kr. 385.32 með 5% vöxtum p. a. frá sáttakærudegi 14. nóvember 1914 til borgunardags, og málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Hins vegar hefir stefndi, Þórarinn kaupm. Guðmundsson, krafist þess að aukaréttardómurinn verði staðfestur, þó svo að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir undirrétti. En þessari síðast greindu kröfu verður ekki gaumur gefinn, með því að hann hefir ekki gagnáfrýjað málinu; þá krefst hann og málskostnaðar fyrir yfirdómi, eftir mati réttarins.

Það er enginn ágreiningur um það í málinu að áfrýjandi hafi unnið hjá stefnda akstursvinnu árið 1914, frá ársbyrjun og fram í októbermánuð, og að kaupnið fyrir vinnu þessa sé rétt reiknað 385 kr. 32 aurar. En stefndi heldur því fram, að áfrýjandi hafi verið vinnumaður móður sinnar, og hafi nefnt

kaup því verið ritað í reikning hennar og talið henni til inntektar. Hafi þessu verið þannig varið 3 undanfarin árin, 1911—1913, og hafi stefnda verið ókunnugt um að nokkur breyting hafi orðið á þessu árið 1914, fyrir en áfrýjandi fór að heimta reikning sinn seint í október eða snemma í nóvember nefnt ár. Áfrýjandi kannast og við að þessu hafi verið þannig varið til ársloka 1913, en þá hafi orðið breyting á því. Hafi hann þá gerst lausamaður og farið að vinna fyrir sjálfan sig. Hafi hann gefið stefnda þetta greinilega í skyn með því að senda honum reikninga yfir vinnu sína við hver mánaðarlok 3 fyrstu mánuði ársins, enda hafi stefndi hins vegar kannast við þetta með því að stýla til hans, áfrýjanda sjálfs, reikning eða »nótu« yfir vinnukaup hans í júlí 1914. Um þetta segir stefndi að á síðastnefnda »nótu« hafi af vangá verið ritað nafn áfrýjanda, svo sem hún væri stýluð til hans; »nótan« hafi í raun og veru verið stýluð til móður hans, og sjáist það glögglega af síðustu innfærslunni í henni: »sjálf 69 $\frac{1}{4}$  tíma vinna á 0.25«, þar sem hér sé talin vinna móður hans, og virðist það eftir þessu rétt vera að »nótan« hafi í raun og veru verið stýluð til hennar. Um vinnureikninga áfrýjanda segir stefndi að það hafi verið eðlilegt að áfrýjandi gæfi skýrslu um vinnutíma sína til vinnuveitanda, og á annan veg hafi hann ekki litið á þessa reikninga. Það verður og að lita svo á, að áfrýjandi geti eigi lagt frekar upp úr þessum reikningum en að þeir hafi verið tilkynning til stefnda um upphæð vinnu áfrýjanda. Þar sem það er nú viðurkennt í málinu, að áfrýjandi vann fyrir móður

sína til ársloka 1913, og að hún þá átti vinnu hans þann tímann, ennfremur að hann hélt áfram að hafa húsnæði og fæði hjá henni árið eftir, hélt áfram sömu atvinnunni og notaði við hana sama hestinn, sem vitanlega hefir verið eign móður hans, og það á hinn bóginn er alls ósannað að stefndi hafi fengið vitneskju um, eða haft nokkra ástæðu til að ætla, að breyting hafi orðið á þessu um áramótin 1913 til 1914, enda gat að minsta kosti gengið út frá því sem vissu, að engin breyting yrði á högum áfrýjanda að því er vistráð snertir fyr en á næsta vinnuhjúaskildaga, — þá verður að líta svo á, að það hafi verið stefnda ábyrgðarlaust að halda áfram að telja vinnulaun áfrýjanda móður hans til inntektar og færa þau í reikning hennar, þangað til að hann fekk vitneskju um það, að áfrýjandi var orðinn sjálfs sín maður, en það var ekki fyr en um mánaðamótin október—nóvember, eins og áður var sagt. Krafa áfrýjanda verður því ekki tekin til greina, og ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm í öllum greinum. — Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðast 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður. —

Áfrýjandi Jóhannes H. Jóhannsson greiði stefnda

Þórarni Guðmundssyni málskostnað fyrir yfir-

dómi 25 krónur, og lúkist upphæð þessi innan 8 vikna frá lögbirtingu dómsins, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 15. maí 1916.

Nr. 8/1916.

Eggert Claessen fyrir hönd  
British North Western  
Syndicate Ltd.  
gegn  
Birni Bjarnarsyni.

D ó m u r :

Á erfingjaskiftum 14. ágúst 1904 eftir Benedikt Sveinsson sýslumann, var börnum hans, Einari Benediktssyni fyrverandi sýslumanni og Kristínu Benediktsdóttur úthlutað í arf, henni m. a. jörðin Gröf í Mosfellssveit, og honum m. a. »veiðiréttindi búans í vötnum og ám fyrir ofan Elliðaár, með Hólmsá og Bugðu«. Með afsalsbréfi dags. 6. marz 1905 seldi Kristín Benediktsdóttir jörðina Gröf stefnda í þessu máli, Birni hreppstjóra Bjarnarsyni, er þar býr nú, og með afsalsbréfi útgefnu í september 1910 seldi Einar Benediktsson fyrnefnd veiðiréttindi áfrýjanda þessa máls, félaginu British North Western Syndicate Ltd. í London. Leit félagið svo á, að það með afsali þessu hefði eignast veiðiréttindi fyrir Grafarlandi, en stefndi hélt því hinsvegar fram, að veiðiréttur